

Minjaráð Austurlands
fundur 4. desember 2019
haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Andrés Skúlason og Skúli Björn Gunnarsson aðalmenn. Einnig sátu fundinn varamenn Elsa Guðný Björgvinsdóttir og Rannveig Þórhallsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Reglur Minjastofnunar kynntar.
2. Samantekt frá ársfundi Minjastofnunar 2019.
3. Staða stefnumótunarvinnu.
4. Hugmyndir af verkefnum inn á *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*.
5. Skipulag funda árið 2020.
6. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 11.30 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

1. Reglur Minjastofnunar kynntar.

Kynntar voru nýjar reglur sem tóku gildi í sumar. Annars vegar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Hins vegar um veitingu leyfa til fornleifarannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér. Í umræðum fundarmanna kom fram mikilvægi þess að fræða almenning betur um hvaða reglur gilda í þessum efnum þar sem tækjæign almennings vex hratt, t.d. á málmeitartækjum. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að því hvernig hægt er að virkja almenning til að fá upplýsingar um minjar.

2. Samantekt frá ársfundi Minjastofnunar 2019.

Þuríður kynnti hvað fram fór á ársfundi Minjastofnunar sem haldinn var 28. nóvember síðastliðinn. Yfirskrift fundarins var Menningarminjar í hættu og voru flutt margvísleg erindi um það efni. Á fundinum fékk Hjörleifur Guttormsson viðurkenningu fyrir ötult starf í þágu minjaverndar.

3. Staða stefnumótunarvinnu

Þuríður sagði lítillega frá stöðu stefnumótunarvinnu. Greiningarstigi er að ljúka. Búið er að taka viðtöl og halda rýnifundi. Netkönnun hefur verið í gangi en lýkur fljótlega. Stýrihópur verkefnisins mun hittast í janúar og hefst úrvinnslan í kjölfar þess og skrif stefnunnar sjálfrar.

4. Hugmyndir af verkefnum inn á Landsáætlun um uppbyggingu innviða

Tvö minjaverkefni eru í gildandi landsáætlun til 2020 á Austurlandi á vegum Minjastofnunar. Þuríður sagði að skilti fyrir Djáknadys og öll leyfi varðandi það væru tilbúin og yrði það sett fljótlega upp. Til stóð að hefja lagfæringar á Fjárborginni í Mjóafirði í sumar en það frestaðist til næsta árs.

Þuríður fór fram á það við minjaráðsfulltrúa að þeir kæmu með hugmyndir um nýja staði þannig að ráðið væri tilbúið með tillögur sínar á næsta ári.

5. Skipulag funda árið 2020

Puríður lagði til að fastur fundartími yrði fyrsta þriðjudag í mars, júní, september og desember og tveir af þeim yrðu haldnir utan miðsvæðis og með vettvangsferðum. Fundarmenn samþykktu það.

6. Önnur mál

a. Vöktun jökla

Skúli Björn spurði hvort einhver umræða væri komin í gang um vöktun á minjum við hopun jökla í líkingu við það sem gert er í Noregi. Puríður sagðist ekki vita til þess. Fundarmenn voru sammála um það að mikilvægt væri að huga að þessu, ekki síst á svæði Minjaráðs Austurlands. Minjavörður ætlar að taka málið upp innan Minjastofnunar.

b. Staða minjaverndar á Austurlandi

Andrés vakti máls á því að víða væri pottur brotinn varðandi menningarminjar á svæðinu og spurði hvert væri hlutverk minjaráðs í að álykta um slíkt. Frekari umræðu um það frestað til næsta fundar.

c. Nýr fornleifafræðiáfangi í ME

Rannveig sagði frá nýjum áfanga sem hún er að fara að kenna við ME á vorönn og heitir Inngangur að fornleifafræði (SAGA2FO05). Mikill áhugi er fyrir honum.

d. Smáforrit til fornleifaskráningar

Skúli Björn spurði um stöðuna á smáforriti sem Minjastofnun hefur verið að láta sérfræðinga hjá St. Andrews-háskólanum vinna fyrir sig. Puríður sagði að næsta gerð væri að vera tilbúin. Minjaráð leggur til að Austurland verði notað til tilraunaverkefnis með forritið og það verði tengt m.a. við fornleifafræðiáfangann í ME. Puríður mun taka málið upp innan Minjastofnunar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.00.

Puríður E. Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Andrés Skúlason

Eyrún Helga Ævarsdóttir

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Rannveig Þórhallsdóttir